



Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2025-2026

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 4. bekkur

Kennari: María Ösp

Netfang: maria@klaustur.is

Almennt:

Hæfniviðmiðin í íslensku eru sett fram í fimm flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur, bókmenntir, ritun og málfræði. Mikilvægt er að líta á hæfniviðmiðin sem eina samfellda heild þó að þau séu í fimm flokkum. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Nám er samþætt heild og íslenskukennsla er hluti af samofinni heild þar sem hver flokkur hefur gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Helstu markmið:

Megintilgangur náms og kennslu í íslensku er að nemendur fái tækifæri til að efla málnotkun, tjáningu og sköpun í töluðu og rituðu máli, nota málið og kynnast mætti þess og fjölbreytileika í daglegu lífi, leik og starfi. Með tungumálinu hugsar fólk, talar, miðlar og lærir, þróar sjálfsmynd sína, tjáir tilfinningar og hugsanir og skilur líðan og hugsun annarra.

Skólinn er frá upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barns, ásamt heimili þess, og er það réttur hvers barns að öðlast hæfni í tungumáli. Traust kunnátta í móðurmáli er ein meginforsenda samskipta, miðlunar og menntunar. Lestur er mikilvægur þáttur í að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Þetta á einnig við um nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Hlekkur á aðalnámskra <https://www.kennslunet.is/>

[Aðalnámskra](#)

Námsgögn: Málrækt 1, Lesrún, ljóð, Ítalíuskrift 3a, lestrarbækur, lesskilningsverkefni, stafsetningar- og bókmenntaverkefni. Spil og leikir verða einnig notuð við kennsluna.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Ágúst	Ritun Hvað er nafnorð?	Lesi fyrir kennara. Semja texta frá eigin brjósti. Segja frá eigin reynslu.	- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. - Nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.

September – október	Málrækt: Nafnorð (no.) Sérnöfn Lesrún Skrift Ritun - snjórinn	Æfa sig í að standa fyrir framan áhorfendur og tjá sig. Endursegja texta. Hlusta með athygli.	- Sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. - Hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni.
Nóvember - desember	Málrækt: Nafnorð, samnöfn, eintala og fleirtala, rím, kyn og greinir nafnorða. Orð, orðtök og samsett orð. Lesrún Skrift Framsögn	Hljóðlestur, kóralestur, upplestur, samlestur og heimalestur. Læra að umgangast bókasafnið. Velja bækur eftir getu og áhugasviði. Sögustund í stofu. Heimalestur.	- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila. - Skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir. - Þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar. - Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri. - Beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.
Janúar - febrúar	Málrækt: Fallbeyging nafnorða og hvað eru sagnorð. Lesrún Skrift Ritun		- Unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. - Áttað sig á grunneinkennum ljóða og unnið með innihald þeirra. - Beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir. - Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni.
Mars – apríl	Málrækt: Sagnorð (so.), lýsingarorð(lo.), orðtök, samantekt lo, so og no. ásamt fallbeygingu nafnorða. Skrift		- Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð. - Sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna.
Mái	Ritun, upplestur og bókmenntar verkefni		

			- Búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar. - Beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu. - Skrifað ólíkar textategundir og skilið að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk. - Þekkt og rætt ýmis einkenni málsins. - Áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. - Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri. - Leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd. - Áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki. - Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
--	--	--	---

Námsmat:

Leiðsagnarmat á verkefnum með endurgjöf. Verkefni eru sett fram í samhengi við ákveðna lykilhæfni sem stefnt er að. Lesfimiþróf verða lögð fyrir þrisvar yfir árið.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.